

LÖG

um breyting á lögum um bókhald, nr. 145/1994, lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breytingar á lögum um bókhald, nr. 145/1994.

1. gr.

Við lögina bætist nýr kafli, IV. kafli, **Viðurlög og málsmeðferð**, með sex nýjum greinum og breytist greinatala IV. kafla, sem verður V. kafli, samkvæmt því. Greinarnar orðast svo:

a. (36. gr.)

Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brýtur gegn ákvæðum laga þessara á þann hátt sem lýst er í 38.–40. gr. skal sæta fésektum, en brot gegn 37. gr. og önnur meiri háttar brot gegn 38. gr. varða varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum skv. 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga eða fésektum ef málsbætur eru miklar.

b. (37. gr.)

Svofelld háttsemi bókhaldsskylds manns eða fyrirsvarsmanns lögaðila telst ætíð meiri háttar brot gegn lögum:

1. Ef hann færir ekki tilskilið bókhald fyrir sjálfan sig eða lögaðila þannig að hann uppfylli ekki kröfur laga í meginatriðum.
2. Ef hann varðveitir ekki fylgiskjöl eða önnur bókhaldsgögn eða gerir það á svo ófullnægjandi hátt að ógerningur sé að rekja bókhaldsfærslur til viðskipta og byggja bókhaldsbækur og ársreikning á þeim.
3. Ef hann rangfærir bókhald eða bókhaldsgögn, býr til gögn sem ekki eiga sér stoð í viðskiptum við aðra aðila, vantelur tekjur kerfisbundið eða hagar bókhaldi með öðrum hætti þannig að gefi ranga mynd af viðskiptum og notkun fjármuna, enda varði brotið ekki við 158. gr. almennra hegningarlaga.
4. Ef hann eyðileggur bókhald sitt eða lögaðila, í heild eða einstakar bókhaldsbækur, skýtur þeim undan eða torveldar aðgang að þeim með öðrum hætti. Sama á við um hvers konar bókhaldsgögn sem færslur í bókhaldi verða raktar til.
5. Ef hann lætur undir höfuð leggjast að semja ársreikning í samræmi við niðurstöður bókhalds, eða ársreikningur hefur ekki að geyma nauðsynlega reikninga og skýringar eða er rangfærður að öllu leyti eða hluta, enda varði brotið ekki við 158. gr. almennra hegningarlaga.

Sama á við ef maður aðstoðar bókhaldsskyldan mann eða fyrirsvarsmann lögaðila við þau brot sem lýst er í 1.–5. tölul. eða stuðlar að þeim á annan hátt.

c. (38. gr.)

Bókhaldsskyldur maður eða fyrirsvarsmann lögaðila gerist sekur um refsivert brot gegn lögum þessum með afhöfnum þeim eða athafnaleysi sem hér segir:

1. Ef hann vanrækir að færa einstakar bókhaldsbækur eða hagar bókhaldi sínu, bókhaldsfærslum, meðferð bókhaldsgagna eða gerð ársreikninga andstætt ákvæðum laga og reglugerða, enda liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt þeim lögum eða öðrum.

2. Ef hann hagar ekki bókhaldi sínu á nægilega skýran, öruggan og aðgengilegan hátt, á grundvelli fullnægjandi gagna og í samræmi við góða bókhaldsvenju eða tekjuskráning er ekki byggð á skýru og öruggu kerfi þannig að rekja megi tekjur og önnur viðskipti og notkun fjármuna.
3. Ef hann vanrækir að tryggja vörslur bókhalds, bókhaldsgagna eða ársreiknings eða hefur skipulag og uppbyggingu bókhaldsins og fylgiskjala þess ekki með öruggum hætti.
4. Ef hann skráir ekki viðskipti samkvæmt góðri bókhaldsvenju, framkvæmir ekki færslur í númera- og tímaröð og með tilskildum reikningseinkennum.
5. Ef hann hagar ekki gerð ársreiknings eða einstakra þátta hans þannig að hann gefi skýra mynd af rekstrarafkomu á reikningsárinu og efnahag í lok þess í samræmi við góða reikningsskilavenju.
6. Ef hann vanrækir að framkvæma vörutalningu, ekki koma fram í birgðaskrá tilskildar upplýsingar um magn, einingaverð og útreiknað verðmæti hvernar vörutegundar eða mat vörubirgða er verulega rangt.

Sama á við ef maður aðstoðar bókhaldsskyldan mann eða fyrirsvarsmann lögaðila við brot þau sem lýst er í 1.–6. tölul. eða stuðlar að þeim á annan hátt.

d. (39. gr.)

Tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum, önnur en sú sem lýst er í 37. og 38. laga þessara, er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

e. (40. gr.)

Gera má lögaðila fésekt fyrir brot gegn lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmannur hans eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má auk þeirrar refsingar, sem hann sætir, gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

f. (41. gr.)

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála vegna brota á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sökunauts, ef hann vill eigi hlíta því að málið verði fengið yfirs kattanevnd til úrlausnar.

Yfirs kattanevnd úrskurðar sektir vegna brota á lögum þessum, nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 1. mgr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins leggur mál fyrir yfirs kattanevnd og kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni þegar hún úrskurðar sektir. Úrskurðir yfirs kattanevndar eru fullnaðarúrskurðir. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum hennar.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð.

Sakir samkvæmt lögum þessum fyrnast á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins eða hjá löglærdum fulltrúum þeirra, gegn manni sem sökunaut, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

2. gr.

37. gr. laganna fellur brott.

II. KAFLI

Breytingar á lögum um ársreikninga, nr. 144/1994.

3. gr.

Við lögin bætist nýr kafli, X. kafli, **Viðurlög og málsmeðferð**, með sjö nýjum greinum og breytist greinatala X. kafla, sem verður XI. kafli, samkvæmt því. Greinarnar orðast svo:

a. (82. gr.)

Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brýtur gegn ákvæðum laga þessara á þann hátt sem lýst er í 84.–87. gr. skal sæta fésektum, en brot gegn 83. gr. og önnur meiri háttar brot gegn 84. og 85. gr. varða varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum skv. 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga eða fésektum ef málsbætur eru miklar.

b. (83. gr.)

Svofelld háttsemi stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra félaga skv. 1. gr. telst ætíð meiri háttar brot gegn þeim:

1. Ef þeir láta undir höfuð leggjast að sémja ársreikning eða samstæðureikning er hafi að geyma þá reikninga, yfirlit og skýringar sem lög þessi kveða á um.
2. Ef þeir rangfæra ársreikning, samstæðureikning eða einstaka hluta þeirra, byggja ekki samningu þeirra á niðurstöðu bókhalds eða láta rangar eða villandi skýringar fylgja, enda varði brotið ekki við 158. gr. almennra hegningarlaga.

Sama á við ef maður aðstoðar stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra félaga við þau brot sem lýst er í þessari grein eða stuðlar að þeim á annan hátt.

c. (84. gr.)

Stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri félags skv. 1. gr. gerast sekir um refsivert brot gegn lögum þessum með athöfnum þeim eða athafnaleysi því sem hér greinir:

1. Ef þeir haga gerð ársreiknings eða samstæðureiknings andstætt lögum þessum þannig að reikningsskilin gefi ekki glögga mynd í samræmi við góða reikningsskilavenju af rekstrarafkomu á reikningsárinu, eignabreytingu á árinu og efnahag í lok þess eða þeir brjóta í bága við fyrirmæli í VII. og VIII. kafla laga þessara, enda liggi ekki við broti þessu þyngri refsing samkvæmt þeim lögum eða öðrum.
2. Ef þeir í skýrslu stjórnar greina ranglega frá eða leyna mikilsverðum upplýsingum sem þýðingu hafa um mat á fjárhagslegri stöðu félagsins eða félagasamstæðunnar og á afkomu þeirra á reikningsárinu.

Sama á við ef maður aðstoðar stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra félaga við þau brot sem lýst er í þessari grein eða stuðlar að þeim á annan hátt.

d. (85. gr.)

Endurskoðendur eða skoðunarmenn gerast sekir um refsiverð brot gegn lögum þessum með athöfnum eða athafnaleysi því sem hér greinir:

1. Ef þeir taka að sér að framkvæma endurskoðun án þess að uppfylla hæfisskilyrði laganna.
2. Ef þeir haga störfum sínum andstætt ákvæðum laga þessara eða í ósamræmi við góða endurskoðunarvenju.
3. Ef þeir með áritun sinni gefa rangar eða villandi upplýsingar eða láta hjá líða að geta um mikilsverð atriði er snerta rekstrarafkomu eða efnahag félagsins.

e. (86. gr.)

Tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum, önnur en sú sem lýst er í 83. og 84. gr. laga þessara, er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

f. (87. gr.)

Gera má lögáðila fésekt fyrir brot gegn lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til sagnæms verknaðar fyrirvarsmanns eða starfsmanns lögáðilans. Hafi fyrirvarsmáður hans eða starfsmáður gerst sekur um brot á lögum þessum má auk þeirrar refsingar, sem hann sætir, gera lögáðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögáðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

g. (88. gr.)

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála vegna brota á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sökunautar ef hann vill ekki hlíta því að málið verði fengið yfirskattanefnd til úrlausnar.

Yfirskattanefnd úrskurðar sektir vegna brota á lögum þessum, nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 1. mgr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins leggur mál fyrir yfirskattanefnd og kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni þegar hún úrskurðar sektir. Úrskurðir yfirskattanefndar eru fullnaðarúrskurðir. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum hennar.

Sektir fyrir brot á lögum þessum renna í ríkissjóð.

Sakir samkvæmt lögum þessum fyfnast á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins eða hjá löglærðum fulltrúum þeirra, gegn manni sem sökunaut, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

4. gr.

83. gr. laganna fellur brott.

III. KAFLI

Breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

5. gr.

Á eftir orðinu „skattsvik“ í 5. mgr. 96. gr. kemur: eða refsiverð brot á lögum um bókhald og ársreikninga.

6. gr.

Á eftir orðinu „skattsvik“ í 3. mgr. 101. gr. kemur: eða refsiverð brot á lögum um bókhald og ársreikninga.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

7. gr.

Á eftir orðinu „skattsvik“ í 8. mgr. 27. gr. kemur: eða refsiverð brot á lögum um bókhald og ársreikninga.

V. KAFLI

**Breyting á lögum um yfirskattanefnd, nr. 30/1992,
með síðari breytingum.**

8. gr.

Í stað orðanna „og skv. 40. gr., sbr. 41. gr., laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: skv. 40. gr., sbr. 41. gr., laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, skv. 38.–40. gr., sbr. 41. gr., laga nr. 145/1994, um bókhald, og skv. 84.–87. gr., sbr. 88. gr., laga nr. 144/1994, um ársreikninga.

VI. KAFLI

Gildistökuákvæði.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

AUGLÝSING**um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 frá 30. mars 1987,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Á tollskrárnúmerunum 8703.3210 - 8703.3399 í 87. kafla tollskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

	--- Með meira en 1500 cm ³ til og með 2500 cm ³ sprengirými:	
	---- Með meira en 1500 cm ³ til og með 1900 cm ³ sprengirými:	
8703.3210	---- Fjór hjól	0
	---- Önnur:	
8703.3221	---- Ný	0
8703.3229	---- Notuð	0
	--- Með meira en 1900 cm ³ til og með 2000 cm ³ sprengirými:	
8703.3230	---- Fjór hjól	0
	---- Önnur:	
8703.3241	---- Ný	0
8703.3249	---- Notuð	0
	--- Með meira en 2000 cm ³ til og með 2500 cm ³ sprengirými:	